



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 5. desember 2018 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson og Kristín B. Leifsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson, Hafdís H. Ásgeirsdóttir og Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri

Róbert Kristjánsson setti fundinn og stjórnaði honum í fjarveru oddvita og varaoddvita sem höfðu lýst sig vanhæfa til að fjalla um málefni fundarins. Sveitarstjóri ritaði fundargerð

### 1. Byggðakvóti – sérstök skilyrði fyrir Skagaströnd

Fyrir fundinum lá bréf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem áður var til umfjöllunar sveitarstjórnar 28.11.2018 þar sem tilkynnt er um byggðakvóta til Skagastrandar sem nemur 300 þorskígildistonnnum. Í bréfinu kemur fram að veittur er frestur til 21. desember til að gera tillögur að sérstökum skilyrðum varðandi úthlutun byggðakvótans.

Fundarstjóri kynnti svohljóðandi tillögu sem lá fyrir fundinum:

#### Tillaga að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta.

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir að óska eftir við háttvirtan atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að sérstök skilyrði verði sett fyrir úthlutun byggðakvóta sem kom í hlut Skagastrandar sbr. bréf ráðuneytisins dags. 22. nóvember 2018. Vísað er til 4. gr. reglugerðar 685/2018 og óskað eftir að eftirfarandi sérstök skilyrði verði sett:

Við úthlutun byggðakvóta verði kvótanum skipt í tvo flokka. Annars vegar verði úthlutað 45 tonnum til báta með hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa (Húnaflóarækja) sem eru gerðir út frá Skagaströnd og hins vegar 255 tonnum skv. almennum skilyrðum reglugerðarinnar auk þeirrar viðbótar sem kann vera til úthlutunar vegna ónotaðs byggðakvóta á síðasta fiskveiðiári. Hver útgerð sem sækir um byggðakvóta getur þó átt rétt á úthlutun úr báðum flokkum.

Við úthlutun byggðakvóta verði gerð sú breyting á forsendum skv. 4 gr. að sá hluti sem úthlutað er til báta með hlutdeild þann 1. september 2018 í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa (45 tonnum) verði úthlutað heimildum skipt jafnt milli hæfra umsækjenda. Þeim hluta sem úthlutað verður skv. almennum skilyrðum (255 tonnum) verði hins vega skipt skv. ákvæðum 4. greinar reglugerðarinnar.

Sú breyting verði gerð að hámark úthlutunar til hvers fiskiskips verði 50 þorskígildislestir. Hámarkið gildi um samanlagða úthlutun í báðum flokkum sbr. 1. töluliður þessarar tillögu.



Þó skal við úthlutun fyrst reikna að fullu byggðakvóta sem úthlutað er vegna innfjarðarrækjuveiða.

Veitt verði undanþága frá löndun til vinnslu sem fram kemur í ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Fiskiskipum verði eftir sem áður skylt að landa í byggðarlaginu.

Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi tillögu og fór yfir líkleg áhrif af þeim ákvæðum sem þar koma fram. Tillagan var samþykkt samhljóða

## 2. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 8.40

Róbert Kristjánsson

Guðmundur E. Erlendsson

Kristín B. Leifsdóttir

Hafdís H. Ásgeirsdóttir

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson